

og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 32/1899:

Halldór Bjarnarson  
 gegn  
 Kristjáni Sigurðssyni.

#### D ó m u r :

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Kristjáni bónda Sigurðssyni á Valþjófsstöðum í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einarri Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897, og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgrims Sveinssonar«. Var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898 þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir-

dómsins með stefnu dags. 10. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum að héraðsdómurinn verði feldur úr gildi, að hin meidandi og óvirðandi ummæli í vottorðinu verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði dæmdur í laganna þyngstu hegningu og í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði sýkn dæmdur í málinu og málskostnaður látinn falla niður, og til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur.

Orð þau sem átalín eru í umgetnu vottorði eru þessi: »Að vér álitum frammistöðu Halldórs prófasts Bjarnarsonar á Presthólum í kirkju sinni mjög ófullkomna og óprestlega í alla staði; til dæmis hafa oss fundist ræður hans óviðunandi lélegar, og ofan á þetta hefir bætst, að framburðurinn . . . er sundurslitinn og mjög óáheyrilegur og svo lágur, að varla heyrir um alla kirkjuna. Enda var svo, að á meðan vér létum svo lítið að koma í kirkju til hans til að hlýða á ræður hans, ef ræður skyldi kalla, að það var oss meir til leiðinda og skapraunar en til ánægju og uppbyggingar. Af þessu og öðru fleiru leiðir, að nú er svo komið og hefir verið síðastliðið ár, að enginn af oss sóknarmönnum, að undanskildum fáeinum mannræðum, hafa viljað koma í kirkju til að hlusta á lestur hans orða, eða þiggja neina prestsþjónustu af honum«.

»Til sóknarnefndar hefir ekki verið kosið í síðastliðin 2 ár, og enginn safnaðarfundur verið

haldinn jafnlengi«, »þá er ekkert við hana (kirkjuna) gjört, jafnvel þó hún eigi mikið fé«, »að oss hefir reynst hann vera bæði ágjarn, óskilvis, þrætugjarn, yfirgangssamur og ósanngjarn, og svo óheill, að vér viljum ekkert við hann eiga. Og til frekari skýringar um breytni prófastsins skulum vér geta þess, að fyrir rúmlega 2 árum síðan hefir hann verið kærður fyrir gripdeildir, ef ekki þjófnad, og eftir því sem oss er frekast kunnugt um það mál, þá er það fullkomin sannfæring vor, að hann sé þar sannur að sök«.

»Eftir þessu, sem að framan er sagt og jafnvel fleiru, getum vér ekki dulist þess: að vér álitum það vera ósamboðið öllu kristilegu trúarlífi, og jafnvel hneykslanlegt, að líða slíkan mann sem Halldór prófast Bjarnarson í prestlegri stöðu, og vildum vér því fegnir mega losast við hann sem allra fyrst«.

Stefndi hefir kannast við að hafa ritað nafn sitt undir framangreint vottorð til þess að fyrgreindur Einar Einarsson fengi það í hendur til frjálsra afnota, og þó að honum eigi verði gefin beint sök á því að vottorðið var birt á prenti, verður hann þó að bera ábyrgð á ummælum þeim, er í vottorðinu standa að svo miklu leyti sem ummælin álitast meiðandi.

Það sem sagt er í vottorðinu um prestslega framkomu áfrýjanda er svo niðrandi, að ef það væri satt, hlyti það að rýra mannorð áfrýjanda; en stefndi hefir eigi sannað að ummælin séu á rökum byggð.

Að því er hin önnur átöldu ummæli snertir, þá verður því að vísu eigi neitað að áfrýjandi við einstök tækifæri virðist hafa sýnt nokkru meiri fégirnd og nokkru meiri tregðu við að borga réttmætar skuldir en góðu hófi gegnir, en það heimilar þó eigi stefnda að lýsa áfrýjanda ágjarnan og óskilvísan. Orðin: »Til sóknarnefndar . . . jafnlengi« og »þá er ekkert . . . mikið fé«, eru eigi ærumeidandi fyrir áfrýjanda. Að öðru leyti fela hin átöldu ummæli í sér sumpart aðdróttun um að áfrýjandi hafi framið verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans, sumpart annan áburð er hlyti að skerða virðingu hans, en stefndi hefir eigi með sannanatilraunum sínum fundið þessum orðum sínum stað. Það verður því að dæma stefnda samkvæmt 217. og 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Kristján Sigurðsson greiði í sekt til landssjóðs 50 kr. eða sæti einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og

ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 38/1899:

Halldór Bjarnarson

gegn

Jóhönnu Bjarnardóttur.

#### D ó m u r :

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefndu ekkjunnri Jóhönnu Bjarnardóttur á Grjótnesi í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefnda og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897, og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í auka-rétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898 þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir-dómsins með stefnu dags. 12. ágúst f. á., og hefir